CREDITINFO

*Reykjavík 21.maí 2010*

## Mikið um afskráningar úr stjórnum.

Á síðustu vikum og mánuðum hafa margir einstaklingar verið að skrá sig úr stjórnum fyrirtækja og því fer meðaltalsfjöldi stjórnarmanna í fyrirtækjum lækkandi.

Á meðfylgjandi töflu er hægt að sjá breytingar á fjölda stjórnarmanna skráðum í fyrirtækjum á 12 mánaða tímabili, varamenn ekki meðtaldir. Þar má t.d. sjá að í maí 2009 voru tæplega 17 þúsund fyrirtæki með 3 einstaklinga í stjórn en rúmlega 4 þúsund fyrirtæki voru með 2 einstaklinga í stjórn. Í dag er þessu öfugt farið því tæplega 21 þúsund fyrirtæki eru nú með aðeins einn í stjórn en tæplega 5 þúsund fyrirtæki eru með 2 einstaklinga í stjórn.

| Fjöldi einstaklinga sem skráðir eru sem aðalmenn í stjórn | maí.09 | maí.10 |
|---|---|---|
| Fjöldi í stjórn 1 | 4.109 | 20.965 |
| Fjöldi í stjórn 2 | 16.883 | 4.757 |
| Fjöldi í stjórn 3 | 4.473 | 4.602 |
| Fjöldi í stjórn 4 | 3.785 | 578 |
| Fjöldi í stjórn 5 | 673 | 596 |
| Fjöldi í stjórn 6 | 495 | 43 |
| Fjöldi í stjórn 7 | 50 | 46 |
| Fjöldi í stjórn 8 | 36 | 8 |
| Fjöldi í stjórn 9 | 7 | 4 |
| Fjöldi í stjórn 10 | 2 | 2 |
| Fjöldi í stjórn 11 | 3 | 0 |
| Fjöldi í stjórn 12 | 1 | 1 |
| Fjöldi í stjórn 13 | 2 | 0 |

## Margir óupplýstir um sína eigin ábyrgð.

Skv. 40. gr einkahlutafélagalaganna nr. 138/1994 getur stjórnarmaður hvenær sem er sagt starfa sínum lausu og gerir það þá með því að tilkynna afskráningu sína skriflega til RSK og líka til stjórnar því eftir það hvílir sú skylda á hinum stjórnarmönnunum að efna til kjörs nýs stjórnarmanns.

Creditinfo veit að mjög algengt er að einstaklingar vita ekki af því þegar gerðar eru breytingar á stjórnum, t.d. að stjórnarmönnum hefur fækkað verulega. Þá er það nokkuð algengt að menn beri því við að vera „hættir“ í stjónr án þess að tilkynning um þá afskráningu hafi nokkru sinni verið send til RSK. Afskráningar stjórna geta verið með ýmsu móti. Meðfylgjandi er raundæmi frá því 21.maí 2010 þar sem nöfnum hefur verið breytt.

Jón Jónsson ehf, stofnað 2006.

- Skv stofngögnum og samþykkt, er gert ráð fyrir 1-3 manna stjórn og varastjórn. Í stjórn félagsins eru skráður einn stjórnarmaður og einn varamaður
- Skv aukatilkynningu í lok október 2008 segir stjórnarmaður sig úr stjórn og enginn kemur í staðinn
- Síðan þá hefur félagið því aðeins verið með varamann í stjórn

Creditinfo áætlar að um 150 – 200 fyrirtæki séu nú skráð með sambærilegum hætti í Hlutafélagaskrá en það er á ábyrgð viðskiptalífsins sjálfs að fylgja þessum hlutum eftir.

Þess má geta að ákvæði laganna um stjórnarmenn eiga við um varamenn.

## Rúmlega 400 fyrirtæki ekki með neina einstaklinga skráða í stjórn né varastjórn.

Í dag eru ríflega 400 fyrirtæki ekki með neina einstaklinga skráða í stjórn. Í lögum um ábyrgð stjórnarmanna segir meðal annars að verði félag án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við.

Creditinfo telur nokkuð líklegt að margir geri sér ekki grein fyrir þessu heldur telji að með afskráningu úr stjórn sé þeirra ábyrgð þarmeð lokið. Að undanskildum þeim 150 – 200 fyrirtækjum sem nú eru skráð með einungis varamenn í stjórn má því telja að þau ríflega 400 fyrirtæki sem ekki eru með neina skráða í stjórn, þurfi annað hvort að skrá nýja stjórn eða gera ráð fyrir að þeir sem síðast voru skráðir úr stjórn standi sem ábyrgðaraðilar félagsins. Skal þess þó hérmeð getið að algengt er að afskrá nafn sitt úr stjórn félags sem er að fara í greiðsluþrot og koma þannig í veg fyrir að nafnið sitt sé í rekstrarsögu birt með viðkomandi þrotafyrirtæki. Tiltekinn einstaklingur er þá meðvitaður um ábyrgð sína áfram sem fyrrum stjórnarmaður en vill koma í veg fyrir birtingu upplýsingamiðlunar í Hlutafélagaskrá.

## Um ábyrgð einstaklinga í mörgum stjórnum.

Hér á landi er sérstaklega áberandi að sömu nöfnin eru oft skráð í mörgum stjórnum. Creditinfo telur að margir þessara einstaklinga séu oft ekki með yfirsýn yfir það í hve mörgum hlutafélögum hann er skráður í stjórn eða sem varamaður. Í öllum tilvikum geta einstaklingar óskað eftir upplýsingum um það hjá Creditinfo í hvaða stjórnum þeir sitja og hverjir sitja með þeim í stjórn. Þessar upplýsingar eru þá sóttar í kerfi Creditinfo eða skýrsla send á lögheimili einstaklings.